

Laxar Fiskeldi ehf.
Hlíðarsmára 4
201 Kópavogur

Akureyri, 23. september 2021
UST202106-257/S.R.B.
08.12.01

Ákvörðun um útgáfu á breyttu starfsleyfi Laxa Fiskeldis ehf. Fiskalóni

Umhverfisstofnun vísar til umsóknar Laxa Fiskeldis ehf. vegna breytingar á starfsleyfi þess að Fiskalóni, Ölfusi.

Stofnunin hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu á breyttu starfsleyfi fyrir rekstraraðila.

Starfsleyfið byggist á skilyrðum á grundvelli reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sem sett er með stoð í 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 1. mgr. 6. gr. laganna.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Breytt starfsleyfi öðlast gildi við afhendingu til rekstraraðila.

Hjálagt er starfsleyfið ásamt greinargerð vegna útgáfu þess.

Virðingarfyllst,

Steinar Rafn Beck Baldursson
sérfræðingur

Skúli Þórðarson
sviðsstjóri